


Afstöðumynd Mkv. 1:1000

## Hesthús og reiðskemma Brekku Bláskógabyggð - Skýringar:

Landnr. L167067 - Staðgreinir 8721-02-0002-5000 - Mhl10

SKÝRINGAR UM NOTKUN HÚSSINS:

Húsið er ætlað sem hesthús og reiðsalur í tengslum við búrekstur á jörðinni þar sem fyrirhugaður er rekstur tamningar og þjálfunarstöðvar fyrir hross, kennslu og móttöku hópa. Einnig er starfsmannaíbúð á millilofti.
Allur aðbúnaður hrossa í hesthúsi, reiðsal og á útisvæði skal uppfylla ákvæði IV. kafla reglugerðar nr. 910/2014 um aðbúnað hrossa. Stíur með langveggjum eru allar ætlaðar fyrir stóðhesta með einum hest í hverri stíu, alls 14 stíur/hestar. Stíur á miðsvæði eru ætlaðar fyrir tvo hesta hver, alls 20 hestar.
Húsið skiptist í eitt meiginrými, hesthús og reiðsal sem er í notkunarflokki 1. Einnig eru rými á millilofti, kaffistofa/kennslustofa og íbúð sem eru í notkunarflokki 3.
Byggingin tengist eldra hesthúsi með tengibyggingu, sjá reyndarteikningar af eldra húsi á teikn A-04

BYGGINGARLÝSING:

UNDIRSTÖÐUR:
Sökklar og botnplata eru úr járnbentri steinsteypu, óeinangrað er undir botnplötu

BURÐARVIRKI:
Burðarvirki í þaki og veggum er berandi límtrésrammar, langbönd og súlur í göflum.
Burðarvirki er skv. gr. 8.2.4 í byggingarreglugerð, að mestu í flokki C og að hluta í flokki A (milligólf).
Útveggir og þak eru klæddir með stálsamlokueiningum, Yleiningum, með einangrun úr steinull frá Límtrévírnet.
Á þak komi ST-107 steinullareining, U-gildi einingar er 0,52 W/m2K og á veggi komi SF-82 steinullareining, U-gildi einingar er 0,45 W/m2K.

KLÆÐNINGAR
Húsið er klætt með Yleiningum, stálsamlokueiningum með steinullareinangrun.
Allir léttir innveggir skulu vera klæddir með klæðningu amk í fl. 2

GLUGGAR OG HURÐIR:
Gluggar og gönguhurðir eru úr plasti, í alla glugga komi tvöfalt K-gler.
Útihurðir skulu vera 900 og 1000mm á breidd.

UPPHITUN / LAGNIR:
Við ákvörðun einangrunar og hámarks U-gilda einstakra byggingarhluta skiptist mannvirkið í tvo megin hluta
Í hesthús og reiðsal reiknað með innihita undir 10°C og því ekki sérstök krafa um einangrunargildi gr. 13.3.2 í byggingarreglugerð.
Á millilofti er reiknað með innihita Ti>18°C og miðast einangrunarkröfur við gr. 13.3.2 í byggingarreglugerð

| | |
|---|---|
| Þak | U>0,2 W/m2K |
| Útveggir | U>0,3 W/m2K |
| Gluggar | U>2,0 W/m2K |
| Hurðir | U>3,0 W/m2K |
| Gólf | U>0,3 W/m2K |

Hitun meiginrýmisins, hesthús og reiðsalar, miðast við að halda því frosfríu, hitað er með hitaveitu, upphitun er með gólfhita.
Hitastigi rýmisins er haldið jöfnu sbr. ákvæði B. liðar viðauka II í reglugerð nr. 910/2014.
Æskilegt innihitastig er 0-10°C og loftraki að hámarki 85%
Hitun annara rýma er ýmist með gólfhita eða þilofnum.
Neyslu- og hitalagnir eru staðsettar í veggjum og gólfplötu.
Fram kemur á aðaluppdrátt hvar niðurföll eru staðsett.
Gluggalaust rými skal loftræsa með veggtúðu.
Frárennsli frá salernum og eldhúsi er leitt í rotþró en annað frárennsli í púkk.

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Sambykkt
18. mars 2020
Byggingarfulltrúi

LOFTRÆSTING:
Húsið er loftræst um opnanlega glugga og hurðir, þannig skal uppfyllt að loftræsting uppfylli skilyrði skv.
B. lið viðauka II í reglugerð nr. 910/2014 um aðbúnað hrossa.

INNRÉTTINGAR OG AÐBÚNAÐUR HROSSA.
Allar innréttingar og aðbúnaður hrossa í húsinu skal uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 910/2014 um velferð hrossa.
Allar innréttingar skulu þannig úr garði gerðar að ekki skapist hætta á að hestar festi þar fætur eða höfuð sbr. 16. gr. reglugerðar nr. 910/2014. Úrgangi frá hrossum er safnað í kerru daglega og dreift á tún á jörðinni.

BRUNAVARNIR:
Húsið er ein brunasamstæða sem skiptist í fimm brunahólf, hesthús og reiðskemma er eitt meginbrunahólf, kaffistofa niðri er eitt brunahólf, hnakkageymsla og inntaksrými er eitt brunahólf, stigangur að millilofti, kaffistofa/kennslustofa er sérstak brunahólf og starfsmannaíbúð er eitt brunahólf.
Alls staðar í húsinu er tvær óháðar rýmingarleiðir.
Umferðarbreidd dyra uppfyllir ekki viðmiðunarákævði 7. tl. gr. 9.4.9 í byggingarreglugerð nr. 112/2010.
Það er talið ásættanlegt þar sem í húsinu verða eingöngu hýst hross en ekki stórvaxnir nautgripir.
BO merkir björgunarop, bxh kemur fram á grunnmynd (ljósop)
Reyklosun í þaki hússins er um ofanljós með auðbrennanlegu plasti
Í meiginbrunahólfi hússins verður sjálfvirkt brunaviðvörunarkerfi (reyksogskerfi) sbr. gr. 9.4.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2010. Stakir reykskinjarar í minni brunahólfum skulu tengdir við stjórnstöð brunaviðvörunarkerfis.
Í húsinu verður neyðarlýsing sbr. gr. 9.4.12 í byggingarreglugerð nr. 112/2010.

| STÆRÐIR: | Birt stærð | Rúmmetrar |
|---|---|---|
| Hesthús og reiðsalur | 1466,1 ferm | 8770,0 rúmm |
| Tengibygging | 30,6 ferm | 100,2 rúmm |
| Kaffistofa/Kennslustofa | 55,2 ferm | |
| Starfsmannaíbúð | 61,8 ferm | |
| ALLS (birt stærð) | 1613,7 ferm | 8870,2 rúmm |

TÁKN
Björgunarop (BxH ljósops)
Loftræsting
Niðurfall
Brynningartæki
Slökkvitæki
Brunaslanga

SKÝRINGAR FYRIR NÚVERANDI HESTHÚS:

BRUNAVARNIR:
Byggingin er ein brunasamstæða og eitt brunahólf. Byggingin er skilin frá nýbyggingu sem REI90 eldvarnarvegg með EI60-CS eldvarnarhurð, sem tengist brunaviðvörunarkerfi.

Í eldri byggingu eru settir reykskinjarar sem tengjast brunaviðvörunarkerfi nýbyggingar.

**Skráningartafla:** Brekka Bláskógabyggð
**Landnúmer:** L167067
**Matshlutanúmer:** 10

**Skrásetjari:** Helgi Kjartansson
**Kennitala:** 030270-5419
Útgáfa: 4.01b **Dags.:** 23.7.2019

**Uppskipting og lýsing** / **Stærðir**

| D0 Lokun | D1 Rými hæð-röð | D2 Notkun texti | D3 Höfuð-flokkun | D4 Eignar-hald | D5 Botnflötur m² | D5M Milliflötur m² | D6 Stigar m² | D7 Op m² | D8 Brúttóflötur m² | D9 Brúttóflötur sh < 1,8 | D10a Salarhæð min | D10b Salarhæð max | D11 Brúttó rúmmál m³ | D12 Nettóflötur m² | D16 Birt flatarmál m² | Reiknitala skiptarúmmáls | D17 Skipta-rúmmál m³ |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | **Matshluti** | | | 1.496,7 | 123,6 | 6,6 | 6,6 | 1.613,7 | 0,0 | | | 9.163,4 | 1.387,5 | 1.613,7 | | 8.243,654 |
| | | **Botn** | | | | | | | | | | | 293,2 | | | | |
| | 01 | **1. hæð** | | | 1.496,7 | 123,6 | 6,6 | 6,6 | 1.613,7 | 0,0 | | | 8.870,2 | 1.387,5 | 1.613,7 | | |
| A | 0101 | **Hesthús og reiðsalur** | N | 0101 | 1.466,1 | | 6,6 | | 1.466,1 | | 4,13 | 7,70 | 8.770,0 | 1.359,9 | 1.466,1 | 5,98 | 8.132,202 |
| A | 0102 | **Tengibygging** | N | 0101 | 30,6 | | | | 30,6 | | 3,80 | 2,75 | 100,2 | 27,6 | 30,6 | 3,27 | 90,252 |
| A | 0103 | **Kaffistofa/Kennslustofa** | N | 0101 | | 61,8 | | 6,6 | 55,2 | | 1,28 | 4,65 | | | 55,2 | | |
| A | 0104 | **Starfsmannaíbúð** | N | 0101 | | 61,8 | | | 61,8 | | 1,28 | 4,65 | | | 61,8 | | |
| C | 0105 | **Svalir** | S | 0101 | 21,2 | | | | 21,2 | | | | | | | 1,00 | 21,200 |

**Athugasemdir**

**Sameignir sumra**

**Eignarhald**

| Eignar-hald | Notkun texti | Birt flatarmál m² | Skiptarúmmál Séreign m³ | Skiptarúmmál Séreign og sameign m³ |
|---|---|---|---|---|
| 0101 | **Hesthús og reiðsalur** | 1.613,7 | 8.243,654 | 8.243,654 |
| | **Alls** | 1.613,7 | 8.243,654 | 8.243,654 |

20210453

Helgi Kjartansson Byggingartæknifræðingur
Vesturbrún 13 - 845 Flúðir
kt. 030270-5419 - s: 617-5377
netf: helgikjartansson@gmail.com

| Dags. | Teikn. Nr. | Mkv. | Skrá |
|---|---|---|---|
| 23.07.2019 | A-01C | 1:2000 | .dwg |

| Breyting | dags | eðli breytingar |
|---|---|---|
| A | 16.09.2019 | Skráningart. breytt og lýsingu |
| B | 17.09.2019 | byggingarlýsingu breitt v/brunavarna |
| C | 02.03.2020 | byggingarl., skráningart. breytt |
| D | 10.02.2021 | Breyting á skilgreiningum brunavarna. |

Verkheiti
Brekka Bláskógabyggð
Hesthús og reiðhöll
Afstöðumynd og byggingarlýsing

Aðalhönnuður

Samþykkt